

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 28. nóvember 2018
UST201810-217/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag Akraness 2005 - 2017 – Flóahverfi – Breyting

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar er barst 9. nóvember sl. þar sem óskað er endurskoðunar umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Flóahverfi á Akranesi.

Í lýsingu kemur fram að breytingin mun felast í stækkun hverfisins þar sem landnotkunarreitir A11 er stækkaður til suðausturs um 3,5 hektara og breytingu á skjólbeltum umhverfis svæðið. Auk þess kemur fram að ekki verður um að ræða grundvallarbreytingu á landnotkun.

Í lýsingu kemur einnig fram að unnið sé að endurskoðun deiliskipulagsins þar sem stefnt er m.a. að því að gatnakerfi verði nýtt betur og gert ráð fyrir minni lóðum en nú er, en ef þörf verður fyrir stórar athafnalóðir þá verða sett inn ákvæði um mögulega sameiningu lóða.


Í umsögn dagsett 7. nóvember sl. taldi Umhverfisstofnun að skipulagssvæðið falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sem votlendissvæði.

Í frekari gögnum er bárust frá skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar 9. nóvember sl. kemur í ljós að umrætt svæði fellur ekki undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Agnar B. Bragason
Teymistjóri